

2021 nr. 7 8. febrúar**Lög um fjárhagslegar viðmiðanir**

Tóku gildi 19. febrúar 2021. EES-samningurinn: IX. og XIX. viðauki reglugerð 2016/1011, IX. viðauki reglugerð 2019/2089. Breytt með: L. 134/2021 (tóku gildi 31. des. 2021; EES-samningurinn: IX. viðauki reglugerð 2021/168).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Lögfesting.

□ Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagæringum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014, með breytingum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2089 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1011 að því er varðar viðmiðanir ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga, viðmiðanir ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum og upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrir viðmiðanir [og 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/168 frá 10. febrúar 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1011 að því er varðar undanþágur fyrir tiltekna viðmiðanir fyrir stundargengi gjaldmiðla þriðju landa og tilnefningu viðmiðana í stað viðmiðana sem verður hætt með, og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, og aðlögunum samkvæmt bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest, og ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2019 frá 10. júlí 2019 og nr. 388/2021 frá 10. desember 2021, hafa lagagildi hér á landi].¹⁾

□ Reglugerð (ESB) 2016/1011 er birt á bls. 72 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16 frá 12. mars 2020. Reglugerð (ESB) 2019/2089 er birt á bls. 658 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 23. apríl 2020. [Reglugerð (ESB) 2021/168 er birt í C-deild Stjórnartíðinda.²⁾]¹⁾ Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2019 er birt á bls. 5 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73 frá 12. september 2019. [Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 388/2021 er birt í C-deild Stjórnartíðinda.²⁾]¹⁾

¹⁾ L. 134/2021, 1. gr. ²⁾ Augl. C 44/2021.

■ 2. gr. Eftirlit.

□ Fjármálaeftirlitið er lögbært yfirvald samkvæmt lögum þessum og hefur eftirlit með því að farið sé að þeim. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara, laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og laga um evrópskt eftirlitakerfi á fjármálamarkaði.

□ Fjármálaeftirlitið getur beitt þeim heimildum sem greinir í 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 við framkvæmd laga þessara. Heimildir til öflunar upplýsinga og gagna samkvæmt ákvæðinu ná þó ekki til upplýsinga og gagna sem lögmáður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál. Um beitingu heimildanna fer eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt.

■ 3. gr. Úrbótakrafa vegna brots.

□ Komi í ljós að ákvæðum laga þessara er ekki fylgt skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

■ 4. gr. Stjórnvaldssektir.

□ Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssekt á hvern þann

sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/1011 með breytingum skv. 1. gr.:

- a. 4. gr. um kröfur um stjórnarhætti og hagsmunaaðreksstra,
- b. 5. gr. um kröfur að því er varðar eftirlitsstarfsemi,
- c. 6. gr. um kröfur að því er varðar eftirlitsramma,
- d. 7. gr. um kröfur að því er varðar ábyrgðarskyldu,
- e. 8. gr. um kröfur að því er varðar skráhald,
- f. 9. gr. um fyrirkomulag við meðhöndlun kvartana,
- g. 10. gr. um útvistun,
- h. 11. gr. um inntaksgögn,
- i. 12. gr. um aðferðafræði,
- j. 13. gr. um gagnsæi aðferðafræði,
- k. 14. gr. um tilkynningu um brot,
- l. 15. gr. um háttæmisreglur,
- m. 16. gr. um kröfur um stjórnarhætti og eftirlit aðila sem leggja fram inntaksgögn og eru undir eftirliti,
- n. 19. gr. a um viðmiðanir ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga og viðmiðanir ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum,
- o. 19. gr. b um kröfur varðandi viðmiðanir ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga,
- p. 19. gr. c um undanþágur fyrir viðmiðanir ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum,
- q. 21. gr. um skyldubundna stjórnun mjög mikilvægrar viðmiðunar,
- r. 23. gr. um skyldubundið framlag til mjög mikilvægrar viðmiðunar,
- s. 24. gr. um mikilvægar viðmiðanir,
- t. 25. gr. um undanþágur frá sértækum kröfum fyrir mikilvægar viðmiðanir,
- u. 26. gr. um viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar,
- v. 27. gr. um yfirlýsingu um viðmiðun,
- w. 28. gr. um breytingar á viðmiðun og það að hætta gerð viðmiðunar,
- x. 29. gr. um notkun viðmiðunar,
- y. 34. gr. um leyfi og skráningu stjórnanda.

□ Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssekt á hvern þann sem hlítir ekki kröfu þess skv. 2. eða 3. gr., þó að teknu tilliti til 10. gr.

□ Stjórnvaldssekt sem lögð er á einstakling getur numið frá 100 þús. kr. til 70 millj. kr.

□ Stjórnvaldssekt sem lögð er á lögaðila getur numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr., 10% af heildarársveltu lögaðilans samkvæmt síðasta samþykka ársreikningi, 10% af heildarársveltu samstæðu sem lögaðilinn tilheyrir samkvæmt síðasta samþykka samstæðureikningi eða, ef lögaðilinn er samtök, 1% af samanlagðri heildarársveltu aðila samtakanna, hver fjárhæð sem hæst reynist.

□ Þrátt fyrir 3. og 4. mgr. er heimilt að ákvarða einstaklingi eða lögaðila stjórnvaldssekt allt að þrefaldri þeirri fjárhæð sem nemur fjárhagslegum ávinningi af broti eða tapi sem hann forðast með broti.

□ Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

■ 5. gr. Afturköllun leyfis eða skráningar.

□ Fjármálaeftirlitið getur afturkallað, tímabundið eða varanlega, leyfi eða skráningu stjórnanda sem brýtur alvarlega eða

ítrekað af sér með þeim hætti sem greinir í 1. eða 2. mgr. 4. gr.

■ **6. gr. Bann við stjórnunarstörfum.**

□ Fjármálaeftirlitið getur tímabundið bannað einstaklingi sem brýtur af sér með þeim hætti sem greinir í 1. eða 2. mgr. 4. gr. að gegna stjórnunarstörfum hjá stjórnendum eða aðilum sem leggja fram inntaksgögn og eru undir eftirliti.

■ **7. gr. Saknæmi.**

□ Stjórnsýsluviðurlögum skv. 4.–6. gr. verður beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

■ **8. gr. Ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga.**

□ Við ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga skv. 4.–6. gr., þar á meðal fjárhæðar stjórnvaldssekta, skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi eftir því sem við á:

- a. alvarleika brots og hvað það hefur staðið yfir lengi,
- b. hversu mikilvæg viðmiðun er fyrir fjármálastöðugleika og raunhagkerfið,
- c. ábyrgðar hins brotlega,
- d. fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af heildarársveltu lögaðila eða árstekjum einstaklings,
- e. ávinnings hins brotlega af broti eða taps sem hann forðast með broti,
- f. samstarfsvilja hins brotlega,
- g. fyrri brota og
- h. ráðstafana sem hinn brotlegi grípur til til að koma í veg fyrir að brotið verði endurtekið.

■ **9. gr. Sátt.**

□ Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt við málsaðila. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

□ Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd 1. mgr.

■ **10. gr. Réttur grunads manns.**

□ Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með ákvörðun um stjórnsýsluviðurlög skv. 4.–6. gr. hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lög-brot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunada um þennan rétt.

■ **11. gr. Frestur til að beita stjórnsýsluviðurlögum.**

□ Heimild til að beita stjórnsýsluviðurlögum skv. 4.–6. gr. fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Tilkynning Fjármálaeftirlitsins til málsaðila um rannsókn á meintu broti rýfur frestinn gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

■ **12. gr. Birting ákvarðana.**

□ Fjármálaeftirlitið skal birta ákvarðanir um ráðstafanir vegna brota á ákvæðum laga þessara til samræmis við 45. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

■ **13. gr. Stjórnvaldsfyrirmæli.**

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð¹⁾ til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/1011 með breytingum skv. 1. gr.:

a. 2. mgr. 3. gr. um tilgreiningu á tæknilegum þáttum skilgreininga,

b. 3. mgr. 3. gr. um skrá yfir opinber yfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu,

c. 2. mgr. a 13. gr. um lágmarksinnihald útskýringar á því hvernig lykilþættir aðferðafræði endurspeglir þætti varðandi umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti fyrir hverja viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana og staðlað snið sem skal nota,

[d. 3. mgr. 18. gr. a um lista yfir viðmiðanir fyrir stundargengi gjaldmiðla sem falla ekki undir reglugerðina],²⁾

[e.]²⁾ 2. mgr. 19. gr. a um lágmarkskröfur um samræmingu aðferðafræði viðmiðana ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga og viðmiðana ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum,

[f.]²⁾ 1. mgr. 19. gr. c um geira sem skal undanskilja í viðmiðunum ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum,

[g.]²⁾ 1. mgr. 20. gr. um skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir,

[h.]²⁾ a-lið 6. mgr. 20. gr. um útreikning á nafnverði fjármálagerninga, grundvallarfjárhæð afleiða og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða sem vísa í viðmiðun til að ákvarða hvort slík viðmiðun sé mjög mikilvæg,

[i.]²⁾ b-lið 6. mgr. 20. gr. um endurskoðun reikniadferðarinnar sem notuð er til að ákvarða viðmiðunarmörk vegna ákvörðunar um hvort viðmiðanir séu mjög mikilvægar,

[j. 8. mgr. 23. gr. b um tilnefningu viðmiðana í stað annarra viðmiðana],²⁾

[k.]²⁾ 2. mgr. 24. gr. um endurskoðun reikniadferðarinnar sem notuð er til að ákvarða viðmiðunarmörk vegna ákvörðunar um hvort viðmiðanir séu mikilvægar,

[l.]²⁾ 2. mgr. b 27. gr. um upplýsingagjöf um umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti og staðalsniðmát,

[m.]²⁾ 7. mgr. 33. gr. um ákvörðun á hlutlægum ástæðum til að samþykkja viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana sem eru gerðar í þriðja landi,

[n.]²⁾ 6. mgr. 51. gr. um ákvörðun um skilyrði til að meta hvort það að hætta gerð viðmiðunar eða breyta gildandi viðmiðun sé líklegt til að hafa í för með sér óviðráðanlegt atvik, hindra eða brjóta með öðrum hætti gegn skilmálum fjárhagslegs samnings eða fjármálagernings eða reglum fjárfestingarsjóðs sem vísar í slíka viðmiðun og

[o.]²⁾ 3. mgr. 54. gr. um framlengingu tímabilsins sem fyrirhugað er fyrir skráningu í stað leyfisveitingar tiltekinna stjórnenda,

[p. 7. mgr. 54. gr. um framlengingu umbreytingartímabils vegna viðmiðana þriðju ríkja].²⁾

□ Seðlabanki Íslands er heimilt að setja reglur³⁾ til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/1011:

a. 5. mgr. 5. gr. um verklagsreglur og eiginleika eftirlitsstarfsmennar,

b. 5. mgr. 11. gr. um hvernig tryggja eigi sannpröfunarhæfni inntaksgagna og innri eftirlits- og sannpröfunarferla þess sem leggur þau fram og að þeir séu viðeigandi,

c. 3. mgr. 13. gr. um upplýsingar sem stjórnandi skal veita um viðmiðun og aðferðafræði,

d. 6. mgr. 15. gr. um þætti háttisreglna,

e. 5. mgr. 16. gr. um kröfur varðandi stjórnarhætti, kerfi, eftirlit og stefnur,

f. 8. mgr. 25. gr. um sniðmát fyrir yfirlýsingu um reglu-fylgni,

g. 9. mgr. 25. gr. um forsendur sem lögbaert yfirvald skal taka tillit til við ákvörðun um hvort beita ætti tilteknum viðbótarkröfum,

h. 5. mgr. 26. gr. um sniðmát fyrir yfirlýsingu um reglu-
fylgni,

i. 3. mgr. 27. gr. um innihald yfirlýsingar um viðmiðun
og í hvaða tilvikum þurfi að uppfæra slíka yfirlýsingu,

j. 5. mgr. 30. gr. um lágmarksinnihald samstarfsfyrir-
komulags lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamark-
aðseftirlitsstofnunarinnar,

k. 9. mgr. 32. gr. um form og inntak umsóknar um viður-
kenningu stjórnanda frá þriðja landi og framsetningu upplýs-
inga sem leggja á fram með slíkri umsókn,

l. 8. mgr. 34. gr. um upplýsingar sem á að leggja fram við
umsókn um leyfi eða skráningu og

m. 3. mgr. 47. gr. um málsmeðferðarreglur og form vegna
upplýsingaskipta milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verð-
bréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

¹⁾ Rg. 162/2021, sbr. 1642/2021, 533/2022, 1412/2022 og 1601/2023. ²⁾ L. 134/
2021, 2. gr. ³⁾ Rgl. 752/2021.

■ [14. gr. Höfuðstólsfærsla vaxta samkvæmt vaxtaviðmið-
un.

□ Þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. 12. gr. laga um vexti og verð-
tryggingu, nr. 38/2001, má bæta vöxtum við höfuðstól oft-

ar en á tólf mánaða fresti ef þess er þörf til að endurspegla
virka vextaviðmiðunar. Framangreind undanþága tekur
til vaxtaviðmiðana vegna gjaldmiðla sem eru birtar af stjórn-
endum viðmiðana vegna viðkomandi gjaldmiðla.]¹⁾

¹⁾ L. 134/2021, 3. gr.

■ [15. gr.]¹⁾ *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

¹⁾ L. 134/2021, 3. gr.

■ [16. gr.]¹⁾ *Breyting á öðrum lögum. . . .*

¹⁾ L. 134/2021, 3. gr.

■ [Ákvæði til bráðabirgða.

□ Ráðherra er heimilt að veita reglugerðum, sem fram-
kvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 8.
mgr. 23. gr. b reglugerðar (ESB) 2016/1011 með breytingum
skv. 1. gr. um tilnefningu viðmiðana í stað annarra viðmið-
ana, gildi hér á landi með reglugerð með vísan til birtingar í
Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku, enda hafi ís-
lensk útgáfa þeirra ekki verið birt í EES-viðbæti við Stjórn-
artíðindi Evrópusambandsins.]¹⁾

¹⁾ L. 134/2021, 4. gr.